

Mál nr. 14/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr innbúskaskótryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 29.1.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.2.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Pann 17.8.2007 komst tveggja ára gamall sonur M yfir varalit og glossa í eigu móður sinnar. Makaði hann litunum í antiksófa í eigu foreldra sinna.

M er með svonefnda innbúskaskótryggingu Heimilisverndar hjá X. Hann hefur krafist bóta vegna skemmda á sófanum úr innbúskaskótryggingunni. Félagið hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að tjónið verði ekki rakið til ófyrirsjáanlegs atviks eins og áskilið er í 4. gr. 10. kafla skilmála Heimilisverndar.

Álit.

Í fyrrgreindri 4. gr. skilmálanna segir að vátryggingin bæti tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingartímabilinu, sem eru ekki bótakvæmt samkvæmt ákvæðum 2. kafla skilmálanna. Af gögnum málsins þykir mega ráða að það hafi gerst í sömu andráníni að sonur M komst yfir varalitinn og hann makaði honum í sófann. Óvarlegt er að fullyrða að tveggja ára gamalt barnið hafi mátt sjá það fyrir að það hafi verið að valda skemmdum er það makaði litnum í sófann. Eins og hér stóð á verður að telja að fullnægt sé skilyrðum skilmálanna um að tjónið hafi hlotist af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Ekki hefur verið bent á önnur ákvæði skilmálanna er girða fyrir bótaskyldu X. Telst tjón M því bótaskyldt úr innbúskaskótryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M á sófa telst bótaskyldt úr innbúskaskótryggingu Heimilisverndar hjá X.

Reykjavík, 11. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.